

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Sléttuvegur, Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að hluti svæðis fyrir þjónustustofnanir, vestan Háaleitisbrautar, milli Sléttuvegar og Bústaðavegar, breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi lóðar við 17. júní torg í Sjólandi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við 17. júní torg 1-7 í Sjólandi í Garðabæ. Breytingin felst í að aðkoma í bílakjallara er færð frá austurhlíð að suðurgafli hússins við 17. júní torg 1-7.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 3. mars 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.